

Fundur stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands með formönnum kraftlyftingafélaga og –deilda 23.október 2011 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Fundurinn hófst klukkan 13.00.

Þessi sátu fundinn:

UMF Stokkseyri: Kristinn Óskar Grétuson, Arnþór Jónsson, Ragnar Anthony Svanbergsson.

UMF Njarðvík: Herbert Eyjólfsson

UMF Selfoss: Bryndís Ólafsdóttir

Zetorar: Grétar Dór Sigurðsson

Gróttá: Erla Kristín Árnadóttir

Heiðrún: Alexander Ingi Olsen

Breiðablik: Halldór Eyþórsson

KF Akranes: Kári Rafn Karlsson

Stjórn KRAFT: Sigurjón Pétursson formaður, Guðjón Hafliðason varaformaður, Gry Ek ritari, Kári Rafn Karlsson gjaldkeri.

KF Mosfellsbær: Hjalti Árnason sat hluta fundarins.

Þetta gerðist:

- 1) Sigurjón Pétursson, formaður KRAFT setti fundinn og óskaði velkomin. Fundarmenn kynntu sig. Sigurjón óskaði nýjum félögum, Gróttu og kraftlyftingadeildinni á Stokkseyri, sérstaklega velkomin í hópinn.  
Sigurjón kynnti síðan dagskrá fundarins og fór stuttlega yfir helstu verkefni sambandsins á sl ári, en sambandið hefur styrkt innviði sína og fjárhag og eftl þáttöku Íslands á alþjóðavettvangi. Samstarf við lyfjaeftirlitið hefur verið gott og niðurstöður allra lyfjaprófa neikvæðar. Sigurjón ítrekaði nauðsýn þess að félagaskráningar væru í lagi hjá öllum. Hafin er vinna við að móta afreksstefnu sambandsins og markmiðið er að fá alþjóðamót til Íslands á næstu árum.
- 2) Fulltrúar félaganna fengu orðið og sögðu frá stöðu mála og helstu verkefnum hjá sér. Aðstæður eru misjafnar bæði hvað varðar félagatölu, aðstöðu og fjárhag. Menn skiptust á skoðunum og upplýsingum. Formaður Kraftlyftingafélags Garðabæjar sagði frá því að félagið hefði uppfyllt öll skilyrði ÍSÍ til að verða „Fyrirmyndarfélag“ og hvatti öðrum til að gera slíkt hið sama.
- 3) Kaffihlé
- 4) Umræður. Mörg mál voru rædd og ýmsum ábendingum komið til stjórnar KRAFT, m.a.:
  - a. - setning Íslandsmeta.  
Beint var til stjórnar að skoða reglugerð vegna setningu Íslandsmeta til að tryggja örugga dómgæslu við slík tækifæri.
  - b. - Þjálfaramenntun.  
Beint var til stjórnar að vinna að reglugerð um þjálfaramenntun og viðurkenningu á slíkri menntun. Óskað var eftir að kraft.is hefði síðu um þjálfun.
  - c. - ritarastarf/skráningar.  
Brýnt var fyrir félögum nauðsýn þess að hafa skráningar fundargerða og félagatals í lagi. Gott er að hvert félag hafi feril varðandi skráningu í Felix og á mót. Gott er fyrir félög að halda eignaskrá.
  - d. - reglur vegna úthlutunnar á lottótekjum.  
Sérhvert héraðssamband setur sér reglur um úthlutun á lottótekjum og eru þær ekki alltaf hagstæðar kraftlyftingaiþróttinni. Stjórn KRAFT heldur áfram að beita sér í því máli.

e. – fjáröflun / styrkir.

Fjallað var um ýmsa styrki sem geta nýst kraftlyftingamönnum. Verður sett upp sérstök síða um þetta á kraft.is. Beint var til stjórnar KRAFT að skýra reglur um auglýsingar á mótum og búningum og samræma við gildandi reglur hjá ÍSÍ og IPF.

f. - mótaskrá.

Rætt var um mótaskrá og félögin hvött að efna til innan- eða millifélagsmóta á næstu árum.

g. - Klassísk mót.

Mikið var rætt um skipulag svokallaðra kjötmóta og voru félög hvött til að huga að því.

Sigurjón þakkaði fyrir góðar umræður og sleit fundi um kl. 16.10

Fundaritari: Gry Ek